

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 151/1977. Jósafat Arngrímsson og

(sjálfur)

Plastgerð Suðurnesja h/f

gegn

Jóni Gunnari Zoëga

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Vixilmál. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi Jósafat Arngrímsson hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. september 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar áfrýjandann Jósafat og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hans hendi. Hann gerir engar kröfur á hendur Plastgerð Suðurnesja h/f.

Í áfrýjunarstefnu greinir, að áfrýjandi sé, auk Jósafats Arngrímssonar, Haukur Ingason fyrir hönd Plastgerðar Suðurnesja h/f. Fram er komið, að áfrýjunarstefnan var gefin út að beiðni áfrýjandans Jósafats eins, sem ekki hafði heimild til að flytja mál Plastgerðar Suðurnesja h/f fyrir Hæstarétti. Dómþing er ekki sótt af hennar hendi. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti að því er varðar Plastgerð Suðurnesja h/f.

Staðhæfing áfrýjanda Jósafats um, að fölsuð hafi verið nafnritun hans sem samþykkjanda á vixla þá, sem mál þetta fjallar um, er ósönnuð. Aðrar varnir, sem hafðar verði uppi í vixilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, hafa ekki komið fram af hans hálfu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar áfrýjanda Jósafat Arngrímsson.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda Jósafat Arngríms-

son til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 300.000 krónur.

Það athugast, að endurrit úr bæjarþingsbók Keflavíkur af þinghaldi 30. júní 1976 segir, að lagðir hafi verið fram tveir vixlar, en eigi fjórir, eins og gögn málsins sýna. Vixlarnir eru allir þingmerktir með sama þingskjalsnúmeri, en rétt var, að hver vixill hefði verið auðkenndur sem sérstakt þingskjal.

Frágangi dómsgerða er ábótavant.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjanda Plastgerð Suðurnesja h/f.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar áfrýjanda Jósafat Arngrímsson nema um málskostnað.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnda, Jóni Gunnari Zoëga, 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 3. júní 1977.

Mál þetta, sem þingfest var 30. júní 1976 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 31. maí 1977, hefur Jón Gunnar Zoëga héraðsdómslögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 21. júní 1976, gegn Jósafat Arngrímssyni persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, en hann er einkaeigandi þess fyrirtækis, og Hauki Ingasyni, Hlíðarvegi 5, Ytri-Njarðvík, fyrir hönd Plastgerðar Suðurnesja h/f, Ytri-Njarðvík, en hann er framkvæmdastjóri þess firma, in solidum til greiðslu skuldar samkvæmt fjórum vixlum að fjárhæð samtals kr. 1.120.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 280.000 frá 4. maí 1976 til 9. maí s. á., af kr. 560.000 frá þeim degi til 14. maí s. á., af kr. 760.000 frá þeim degi til 19. maí s. á. og af kr. 1.120.000 frá þeim degi til

greiðsludags, enn fremur til greiðslu stimpilkostnaðar, kr. 2.680, afsagnarkostnaðar kr. 3.290, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. fjórum víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 280.000, öllum útgefnum og óböktum af Hauki Ingasyni f. h. Plastgerðar Suðurnesja h/f, Ytri-Njarðvík. Samþykkjandi allra víxlanna er stefndi, Jósafat Arngrímsson, fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík. Allir áttu víxlarnir að greiðast í Verzlunarbanka Íslands h/f, Keflavík. Útgáfudagur eins víxilsins er 18. apríl 1976, en hinir eru útgefnir 23. mars 1976. Gjaldldagi þess fyrstnefnda er 4. maí 1976, en hinna 9. maí s. á., 14. maí s. á. og 19. maí s. á. Hinn 4. maí 1976 féll útgefandi víxils með gjaldldaga 4. maí 1976 og útgefins 18. apríl 1976 frá afsögn. Útgefandi víxils með gjaldldaga 9. maí 1976 og útgefins 23. mars s. á. féll frá afsögn 9. maí s. á. Víxill að fjárhæð kr. 280.000, með gjaldldaga 14. maí 1976 og útgefinn 23. mars s. á., var afsagður sökum greiðslufalls 17. maí 1976, og víxill með gjaldldaga 19. maí 1976 og útgáfudag 23. mars s. á. var afsagður sökum greiðslufalls 21. maí 1976.

Af hálfu Plastgerðar Suðurnesja h/f, Ytri-Njarðvík, hefur ekki verið sótt þing.

Stefndi Jósafat hefur krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hefur stefndi Jósafat uppi þá varnarástæðu um efni máls, að undirskriftir hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, séu falsaðar á hinum umstefndu víxlum, sbr. c lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Með bréfi, dagsettu 7. júlí 1976, kærði stefndi Jósafat til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík yfir því, að umræddar undirskriftir hans sem samþykkjanda víxlanna fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, væru falsaðar.

Við opinbera rannsókn málsins var m. a. leitað til Maríu Bergmann rithandarsérfræðings. Í álitserð hennar, dagsettri 23. ágúst 1976, kemst hún að þeirri niðurstöðu, að ritun sannaðra rithandar-sýnishorna og ritun nafnsins Jósafat Arngrímsson, þar sem það er ritað sem samþykkjandi umræddra víxla, hafi verið gerð af sömu persónu.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl 1977, til bæjarfógetans í Keflavík var tilkynnt, að eigi væri af hálfu ákæruvaldsins krafist frekari aðgerða í málinu.

Samkvæmt framanrituðu og með hliðsjón af 154. gr. laga nr. 85/1936 telur dómariinn, að sönnur hafi ekki fengist fyrir því, að undirskriftir samþykkjanda á umræddum fjórum víxlum séu falsaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, sbr. að nokkru 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, að stefndu verða dæmdir til að greiða in solidum stefnanda stefnufjárhæðina með vöxtum eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum verða stefndu einnig dæmdir til að greiða stefnanda in solidum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 210.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, og Plastgerð Suðurnesja h/f, Ytri-Njarðvík, greiði óskipt stefnanda, Jóni Gunnari Zoëga héraðsdómslögmanni, Reykjavík (starfsstofa Garðastræti 3), kr. 1.125.970 ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 280.000 frá 1. maí 1976 til 9. maí s. á., af kr. 560.000 frá þeim degi til 14. maí s. á., af kr. 760.000 frá þeim degi til 19. maí s. á. og af kr. 1.120.000 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 210.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.